



## Jafnlaunastefna embættis Lögrelustjórans á Suðurlandi

Lögrelustjórinn á Suðurlandi ábyrgist að jafnlaunastjórnunarkerfi embættisins sé í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Embættið greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og tekur mið af þeim kröfum sem þau gera óháð kyni. Launaákvæðanir eru byggðar á kjar- og stofnanasamningum, studdar rökum og tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Bregðast skal við með stöðugum umbótum ef óútskýrður kynbundinn launamunur kemur í ljós. Jafnlaunastjórnunarkerfið nær til alls starfsfólks.

Yfirlöggluþjónn rannsóknardeildar er fulltrúi stjórnenda varðandi jafnlaunastjórnunarkerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess.

Með innleiðingunni skuldbindur embættið sig til þess að:

- Innleiða vottað jafnlaunastjórnunarkerfi, skjalfesta og viðhalda í samræmi við staðalinn ÍST 85.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru hverju sinni.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að ganga úr skugga um hvort óútskýrður kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Kynna starfsfólki niðurstöður launagreiningar sem er til úttektar árlega.
- Bregðast við frávikum, athugasemdum og ábendingum með stöðugum umbótum og eftirfylgni.
- Framkvæma innri úttekt árlega.
- Halda rýnifund stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Birta stefnuna á innri vef og kynna hana öllu starfsfólki.
- Tryggja aðgengi almennings að stefnunni á vefsíðunni [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is).

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna.

19.11.2020